

NORÐURÁ

nordura.is



VEIÐIVÍSIR

 **SAGE**

SIMMS

RIO
PRODUCTS

**R.L.
WINSTON
ROD CO.**



REDINGTON

**STÓRU MERKIN
Í FLUGUVEIÐI**



VEIÐIHORNID

A man wearing a green jacket, waders, a flat cap, and sunglasses is standing in a river, fishing with a fly rod. The background features a rocky riverbank, a small blue building, and a large mountain under a cloudy sky.

TM

Þegar og þar sem þér hentar

Á tm.is getur þú gengið frá tryggingum og fengið verð strax. Því þjónusta TM er hugsuð fyrir þig.

Hugsum í framtíð

NORÐURÁ

Norðurá í Borgarfirði er í hugum margra veiðimanna besta laxveiðiá Landsins. Áin á upptök sín í Holtavörðuvatni en hana næra einnig nokkrar þverár eins og Hvassá, Hellisá, Sanddalsá og Bjarnadalsá, svo einhverjar séu nefndar.

Veiðisvæði Norðurár nær í heild sinni frá brú við Fornahvamm niður að ármótum Norðurár og Hvítár en áin á upptök sín í Holtavörðuvatni um 62 kílómetra frá sjó og telst vatnasvið árinna vera um 518 ferkílómetrar. Í ánni eru um 170 merktir veiðistaðir og er fjölbreytileiki þeirra mikill, allt frá nettum strengjum upp í stórar og vatnsmiklar breiður.

Lengi framan af voru fossarnir í ánni mikill farartálmi fyrir laxinn, sérstaklega Laxfoss sem er neðstur þriggja megin fossa árinna. Hinir eru Glanni og Króksfoss. Eftir lagfæringu á Laxfossi, árið 1930, átti laxinn greiðari leið fram Norðurárdal, en þó ekki lengra en að Glanna, sem er næsti foss fyrir ofan. Þar var reynt að lagfæra fyrir laxinn rétt eftir árið 1930 og 1964 var svo sprengt í fossinum í sama tilgangi, að greiða för laxfiska. Það er síðan árið 1985 sem laxastigi var tekin í notkun og átti þá sá silfraði greiðari leið upp í Norðurárdal. Enn var þó farartálmi á leið hans, Króksfoss. Þar sá náttúran sjálf um verkið og í dag gengur lax upp eftir Norðurá, alla leið upp á Leitisfoss, þótt veiðisvæðið endi neðar.

Vinsamlegast athugið að Veiðiréttareigendur við Norðurá hafa samþykkt fyrirmæli Veiðimálastofnunar, VMST, um að skylt sé að sleppa öllum tveggja ára laxi sem er 70 cm eða stærri. Þetta er gert í því augnamiði að vernda stórlaxastofn árinna.

Samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði er óheimilt að veiða 30 metrum fyrir neðan laxastiga og 20 metrum fyrir ofan. Því eru veiðar bannaðar í Nikulásarkeri við Laxfoss og 20 metrum ofan hans. Sama gildir um fossinn Glanna, en þar er einnig laxastigi, þ.e. fyrir ofan Berghyl og upp að Hólabakshyl.

Staðsetning

Norðurá er í Borgarfirði, um 110 km fjarlægð frá Reykjavík, ef miðað er við staðsetningu veiðihússins á Rjúpnáasi.

EFNISYFIRLIT

Norðurá I og II– almennar upplýsingar	5
Veiðihús.....	6 - 7
Yfirlitsteikningar með öllum veiðistöðum.....	9 – 21
Veiðistaðalýsing, nokkrir af helstu veiðistöðum	22 – 29
Flóðatangi	31

Áhugaverðir veiðistaðir,

farið niður ána

Klapparhylur
Poki
Símastrengur
Teigabakki
Vaðklöpp
Skarðshamrafljót
Kerlingarhólmi
Svartagilsstrengir
Berghylsbrot
Réttarhylsbrot
Leggjarbrjótur
Eyrin
Brotið
Myrkhylur
Laugarkvörn
Stokkhylsbrot
Breiðan
Kálfhylsbrot
Neðristrengur

Vinsælar flugur

Francis
Kolskeggur
Collie Dog
Sunray Shadow
Green Butt
Haugur
Hitch

VEIÐIVÍSIR

Útgáfa þessi er samvinnuverkefni Penta ehf. og AKS viðskipta ehf.

- Útgefandi: Penta ehf. Sími: 695-9685, netfang: penta@penta.is
- Vinnsla við teikningar af ánni / Hönnun og umbrot: Penta ehf.
- Prentvinnsla: Stafræna Prentsmiðjan ehf.

Penta

Útgáfuréttur © Penta ehf. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.
Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti nema með leyfi Penta ehf.

VEIÐISVÆÐI NORÐURÁ I OG II

Veiðisvæði Norðurár tekur breytingum yfir sumarið. Frá 6. júní (hádeggi) nær veiðisvæðið Norðurá I frá og með Engjanefi á Munaðarnes og upp að og með Króksfossi. Frá 6. júlí (hádeggi) nær veiðisvæðið frá Engjanefi við Munaðarnes til og með Hvammsleiti. 6.júlí (hádeggi) hefst veiðar í Norðurá II (Fjallið) og nær veiðisvæðið frá og með Símastreng upp að ármótum Norðurár og Hvassár á mótis við Fornahvamm. Frá 1. september og til loka veiðitímans 12. september nær veiðisvæði Norðurár I frá Engjanefi og að Króksfossi.

Skipting árinna á hverjum tíma er nánar útlustuð við móttöku gesta í Norðurá I.

Veiðivörður er að störfum við Norðurá, og er hann með síma 860-0333, Upplýsingar er varða veiðisvæði og veiðivörð eru aðgengilegar á heimasíðu Norðurár <https://nordura.is/>.

Tímabil

Norðurá I. 3. júní til 11. september

Norðurá II. Frá hádeggi morgni 6. júlí til hádegis 1. september

Daglegur veiðitími

6. júní – 14. ágúst

Frá kl. 08 - 13 og 16 - 22

Eftir 14. ágúst

Frá kl. 08 - 13 og 15 - 21

Fjöldi stanga

Norðurá I

8 - 12 stangir

Norðurá II

3 stangir

Leyfilegt agn

Eingöngu heimilt að veiða á flugu með fluguveiðitækjum.

Á Flóðatangasvæðinu er leyfilegt að nota maðk, flugu og spún.

Sleppa skal öllum laxi 70 cm og stærri. Fjöldi laxa sem leyfilegt er að drepa er háð ákvörðun Veiðifélags Norðurár hverju sinni.

VEIÐIHÚSIN

Við Norðurá eru tvö veiðihús.

Aðalhúsið er á Rjúpnahæð. Efst er Háreksstaðir.



Rjúpnahæð-Norðurá I

Þar er aðal veiðihúsið við ána, staðsett á samnefndri hæð. Í húsinu er full þjónusta eins og best gerist. Nýtt og endurbyggt veiðihús tekið í notkun í sumarbyrjun 2017. Þar eru 14 ný tveggjamanna herbergi öll með útsýni yfir ána. Ný sauna, vöðlugeymsla, lín og strauherbergi, móttökueldhús og mat-salur fyrir starfsfólk. Bjartur og fallegur móttökusalur með útsýn yfir ána. Setustofan öll endurbætt og glugginn góði er enn á sínum stað með útsýninu óviðjafnanlega yfir ána, Laxfoss, Grábrókarhraun, Hraunsnefsöxl og sjálfa drottningu Borgarfjarðar, Bauluna. Í setustofu er arinn. Fyrrum gistiaðstaða í Brekkubæ verður nú nýtt fyrir starfsfólk og gesti.







Háreksstaðir-Norðurá II

Veiðihús Norðurár II er staðsett í landi Háreksstaða á móts við Beinhól. Háreksstaðir liggja á milli jarðanna Hóls og Króks. Húsið er rúmgott og bjart og eru þar fjögur svefnherbergi með samtals sex rúmum sem öll eru uppábúin við komu gesta í hús og handklæði á hverju rúmi. Rúmgott baðhergi nýtekið í gegn. Stórt alrými með þægilegt eldhús í annan endann, þá borðstofa og loks setustofa. Úr setustofu er gengið út á stóran mjög skemmtilegan sólpall og þar er grillið staðsett. Af pallinum sem og úr húsinu sjálfu er útsýni niður á ána. Þarna eru veiðimenn í sjálfsmennsku og eru þríf innifalín. Í bragga fyrir ofan veiðihúsið er vöðlugeymsla og fyrir utan hana er aðstaða til að gera að og þvo afla.









203 Hlíðarstrengur

1

201 Olnbogi

200 Klapparbreiða

P

199 Gatklettur

198 Kattarhryggssfoss

Foss

195 Víðinesbrú

194 Víðinesklöpp

192 Klapparhylur

191 Svartaklöpp


Hellisá

190 Hellisármót


189 Efri-Vaðstrengur

1

187 Neðri-Vaðstrengur







GEIRABAKARÍ

Digranesgötu 6

Borgarnesi

Sími: 437 2020

Við erum á Facebook

facebook.com/geirabakari.ehf





VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

VESTFROST
SOLUTIONS

Vínkælar



WFG 185 - St. (hxbxd)
1850x595 x596 mm (+2 · +10°C)



WFG 155 - St. (hxbxd)
1550 x 595 x 610 (+5 · +22°C)



WFG 45 - Stærð (hxbxd) 820 x 595 x 573
(+5 · +10/+10 · +18°C)



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is



Netverslun á www.verslun.is



Brekka

1

126 Oddahylur

125 Landengjaoddi

123 Glitstaðahylur efri

Uppsalar

121 Glitstaðahylur neðri

Glitstaðir

121 Glitstaðabreiða

119 Desey
(Stokkur)

528

116 Glitstaðabrú

Krosshólmi

115 Glitstaðastrengir

Hrauney

112 Brekkubrú

111 Brekkuprengsli

Hreðavatnsskáli

110 Kvíslamót

114 Hraunbollar

113 Merkjabolli

107 Krúhólmi

106 Svartagilsstrengir

Svartagil

BIFRÖST

103 Viðinesstrengur

102 Kletthólmahylur

Viðines

105 Viðinesfljót

Kletthólmi

101 Kletthólmastrengur

(Thoroddsen strengur)

Glanni

Grábókarhraun

92 Kýrgrófarhillsbrot

98 Berghylur

97 Berghylsbrot

90 Veiðilækjarkvörn

91 Grjót

95 Réttarhylur

94 Réttarhillsbrot

93 Kýrgrófarhylur

(Snoppuhylur)

89 (Snoppu) Breiðan

Snoppa

Breiðan

1

Veiðilækur

87 Svunta

86 Dynjandi

85 Prengsli

84 Leggjabrjótur


83 Ketilbrot

Hrauná

82 Ketill

16

Bætt hreinlæti í nýjum heimi




Þarftu að aðlaga þig að breyttum heimi?

Auknar kröfur til fyrirtækja um bætt hreinlæti, betri sóttvarnir og umhverfisvænar lausnir kalla á nýja nálgun.

Lausnir sem stuðla að betri heilsu starfsfólks og viðskiptavina.

**Fáðu ráðgjöf um bætt hreinlæti
hjá þínu fyrirtæki.**







Veiðistaðalýsingin er um nokkra af helstu veiðistöðum Norðurár. Á nordura.is er hægt að finna nánari veiðistaðalýsingar á flestum veiðistöðum.

ATH. myndir í veiðistaðalýsingunum tengjast ekki veiðistöðunum.

Króksfoss-veiðistaður 184

Króksfoss er nánast þverhnýptur og hæð hans tveir til þrír metrar. Hann fellur í stóran, alldjúpan hyl sem oft geymir mikið af laxi. Líklega telst veiðistaðurinn þó ekki til þeirra betri í ánni. Þarna getur oft að líta mikið sjónarspil þegar laxinn reynir að stökkva fossinn. Við austurlandið er stallur í fossinn sem sumir töldu lengi vel gönguleiðina en hún reynist vera þar sem fossinn er hæstur. Þar kemur laxinn upp úr dýpinu á mikilli ferð og alltaf ná nokkrir laxar upp á brúnina, aðrir falla til baka.

Poki-veiðistaður 183

Fram úr fosshylnum rennur áin með vesturlandinu og niður stríðan streng niður með klöpp. Þar sem klöppin endar myndast vik eða poki inn að berginu og nefnist veiðistaðurinn einmitt Poki. Þettaer skemmtilegur fluguveiðistaður og gefur oft góða veiði.





Neðri-Ferjuhylur-veiðistaður 177

Áin fellur fram úr Efri-Ferjuhyl á breiðu broti og niður í Neðri-Ferjuhyl en nokkrar straumtotur teygja sig niður í hylinn. Í þessum strengtotum liggur oftast lax. Að vestanverðu er nokkuð stór móhelluklöpp og við hana er hylurinn dýpstur. Þarna liggur alltaf fiskur en tekur oft illa og því hefur mörgum gengið betur að fá hann til að taka uppi í strengnum ofan við klöppina. Ferjuhyljirnir báðir eru skemmtilegir flugustaðir og með betri veiðistöðum í ánni.

Símastrengur-veiðistaður 168

Pegar áin kemur að austurlandinu snarbeygir hún niður með bakkanum og þar byrjar Símastrengur sem eiginlega er tvískiptur. Efri staðurinn er í beygjunni og er allgóður veiðistaður en neðri staðurinn er um 15 metrum neðar, þar sem áin fellur að og meðfram bergi. Fram að berginu er mikið dýpi sem oft geymir mikið af laxi. Þetta er ákaflega viðkvæmur staður þar sem eyrin að vestanverðu er há og veiðimanninn ber við loft. Neðan við dýpið er löng og lygn breiða, sem fiskur getu legið á langt niður með bakkanum. Símastrengur er góður veiðistaður sem ekki ætti að ganga hjá. Athygli er vakin á því að engin lína liggur yfir ána á þessum stað.

Vaðklöpp-veiðistaður 148

Tekur við fyrir neðan Murunesið og hefur færst í fyrra horf sem frábær veiðistaður og gefið marga laxa. Staðurinn liggur vestan undir melholti og undan því koma flatar klappir sem halla fram í ána og þar myndast hylur. Laxinn liggur á stóru svæði frá efstu klöppinni og niður fyrir símalínu sem liggur þarna yfir ána.

Hólshylur-veiðistaður 159

Áin fellur nú beint á hólinn, sem bærinn Hóll stendur á, og heitir þar að sjálf-sögðu Hólshylur. Þetta er góður veiðistaður, sem best er að veiða frá eyrinni að vestanverðu. Hólshylur er langur og djúpur hylur, sem getur geymt mikið af laxi. Hann getur legið alveg efst í strengnum þar sem áin fellur af eyrunum og allt niður undir Niðurey sem er 100 metrum neðar. Besti tökustaðurinn er þó undir háhólnum þar sem aðalstraumpungann lægir. Þar eru stór grjót í botni sem laxinn liggur við og algengt að sjá stórlaxa á þessum stað.

Oddahylur-veiðistaður 126

Líklega er þetta einn dýpsti hylurinn á dalnum. Parna rennur áin djúp og lygn í krappri U-beygju og geymir oft og tíðum stórar torfur af laxi, sem lítið ber á. Hann fannst þegar spónn var leyfður í Norðurá fyrir rmörgum árum, en hin síðari ár hefur veiðst vel á smáflugur á flotlínu, sem dregnar eru hratt í yfirborðinu og gefst vel þegar gára er á vatninu.

Skarðshamrafljót-veiðistaður 138

Þessi veiðistaður tekur nánast við af breiðunni, en efst í því og beint niður af ármótum Bjarnadalsár er stór steinn áberandi í miðri ánni. Frá þessum steini tekur við strengur, sem breiðir síðan úr sér niður í stórt fljót. Best veiðist í kringum steininn og niður eftir strengnum en lax getur verið langt niður eftir fljótinu. Skarðshamrafljót hefur löngum verið einn bestur veiðistaðurinn á dalnum, en þó breytilegt frá ári til árs, allt eftir því hver áhrif framburður úr Bjarnadalsá hefur á staðinn.

Kerlingarhólmi-veiðistaður 133

Veiðistaðurinn er spölkorn frá veginum en hægt er að aka að honum eftir vega-slóða sem notaður hefur verið af vegagerðarmönnum til að sækja mól. Veiðistaðurinn er undir lágum hraunkanti við vesturlandið. Þetta er talsvert mikil breiða og þarf að vaða langt út í til að geta kastað undir bakkann, þar sem laxinn liggur. Einnig veiðist ágætlega á breiðunni neðan við hraunkantinn. Þessi staður hefur gefið mjög góða veiði undanfarin ár.

Svartagilsstrengir-veiðistaður 106

Eftir lygnu fyrir ofan er áin hér í beinni stefnu með harðnandi straumi. Við það verða til tveir strengir, Svartagilsstrengir-efri og neðri. Hér er oft glimrandi veiði. Góður tökustaður er uppi á hrauninu rétt neðan við símalínu sem liggur yfir ána. Neðri strengurinn er þó aðalstaðurinn og breiðan niður af honum.

Kýrgrófarhylsbrot-veiðistaður 92

Hér grýnnist áin fram á brotið sem er með gjöfulustu veiðistöðum á þessu svæði. Best veiðist frá vesturlandinu en þegar vatnið hækkar er best að vera að austanverðu.

Þrengsli-veiðistaður 85

Um 80 metra kafli hér er nærri samfelldur veiðistaður, þó mismunandi eftir vatnshæð. Þetta er mjög sérstakur og heillandi staður sem mjög er ógreiðfært um, þó er mun skárri að standa að veiðum að austanverðu.

Eyrin-veiðistaður 72

Eiginlega neðst í Gafhlhyl er gjöfulasti veiðistaðurinn í Norðurá, Eyrin. Á þessum stað finnst laxinum best að hvíla sig áður en hann ræðst til atlögu við Laxfoss og safnast því oft hér fyrir í miklu magni. Eyrin geymir lax allan veiðitímann og er eins og áður sagði sá veiðistaður sem mesta veiði gefur flest árin. Aðaltökustaðurinn í venjulegri vatnshæði er í rásunum út af bláeyrinni, en laxinn tekur þó bæði ofan við eyraroddann og alveg niðri á blábroti, misjafnt eftir vatnshæð. Þegar vatnið vex eða áin litast í vatnavöxtum, kemur hann enn nær og liggur þétt við landið. Grundvallarreglan þarna er að fara varlega, helst læðast. Ekki síst þegar mikið er af laxi á staðnum.

Krosshola-veiðistaður 75

Beint niður af Nikulásarkeri. Reynist sumum erfiður, öðrum drjúgur. Staðurinn er nefndur eftir enskum veiðimanni, Cross að nafni, sem veiddi þarna einn af





allra stærstu löxum sem hafa á land komið úr Norðurá-36 ensk pund. Viðureigin var löng og ströng og laxinum var loks landað neðst í Myrkhyl sem er um einum kílómetra fyrir neðan. Krosshola er nettur veiðistaður í miðri ánni. Best er að veiða þarna með flotlínu og ekki sakar að reyna gáruhnútinn sem fer sérstaklega vel á þessum stað í réttri vatnshæð, fremur litlu vatni. Við austurbakkann er lítil kvörn, neðan við fossinn sem stundum geymir lax, sérstaklega þegar vatn er mikið. Þetta er mjög viðkvæmur staður sem margir gleyma á leiðinni austur yfir og fæla því laxinn áður en þeir hefja veiðar.

Brotið-veiðistaður 69

Neðan við Skerin og gegnt Eyrinni er þessi veiðistaður sem er síðasti veiðistaðurinn á svokölluðu Laxfossvæði. Brotið er margslunginn veiðistaður, þrátt fyrir sakleysislegt útlit. Þar eru bollar og rásir í botni, sem laxinn staldrar við í á göngu sinni en besti staðurinn er sennilega neðarlega á Brotinu ekki mjög langt frá landi. Þetta er góður veiðistaður snemmsumars þegar vatnshæð er þökkaleg því segja má að allur lax, sem í Norðurá gengur, stansi á Broti eða Eyri. Best er að veiða Brotið með því að vaða frá Neðra-Skeri niður ána og síðan skáhallt til lands og þverkasta alla leiðina.

Bryggjur-veiðistaður 66

Nafnið er tilkomið vegna landslagsins, en nokkrir klapparranar liggja þarna út í ána. Þeir eru nefdir Efsta- Mið- og Neðsta-Bryggja. Gengið er niður vesturbakkann og byrjað að veiða á Efsta-Bryggju, farið út á klöppina (þá efstu) og vaðið svo á að giska 8 metra frá bakkanum, alveg niður undir kletthorn, sem

skagar út í ána og erum við þá komin á Neðstu-Bryggju. Á leiðinni köstum við flugunni út í miðja á og látum línuna rétta úr sér niður af okkur, áður en við færum okkur eitt skref og köstum aftur. Þetta gerum við vegna þess að laxinn getur legið á öllu þessu svæði, þó að vissulega séu brotin á Mið- og Neðstu-Bryggju bestu tökustaðirnir. Á Bryggjunum er paradís fluguveiðimannsins.

Myrkhylur-veiðistaður 62

Hann er mjög stór og þegar neðar kemur, mjög djúpur. Aðaltökustaðirnir eru efst í honum, þar sem undir eru klapparásir, bollar og mikið dýpi, síðan í lítilli klappargjá við vesturlandið en veiðivon er enn neðar, sérstaklega í miklu vatni. Myrkhylur er frægastur fyrir að hafa gefið stærsta lax sem vitað er um að hafi veiðst á stöng í Norðurá. Þetta mun hafa verið árið 1932 og veiðimaðurinn Capt. Aspinall. Laxinn tók fluguna Blue Charm nr.5 og vóg 36,5 ensk pund.

Laugarkvörn-veiðistaður 59

Um 100 metrum neðan við rennurnar er þessi veiðistaður. Hann er nokkuð stór og getur lax legið víða í honum. Í maðalvantsshæð eða minni er laxinn þó aðallega við austurlandið, eiginlega beint út af heitu lauginni sem þar er og niður með klapparbakkanum, alveg fram á brot. Þegar vatnshæð er mikil er laxinn ofarlega og oft uppi undir stórum steini í miðri ánni. Einnig er góður möguleiki til veiða við vesturlandi þegar vatn er mikið og þá ekki síst neðarlega, rétt ofan við brotið. Parna hafa mörg ævintýri átt sér stað, enda tekur laxinn oft ótrúlega vel í Laugarkvörn þegar hann er í göngu og hitastigið á vatninu er hagstætt.



Stokkhylsbrot-veiðistaður 56

Er með allra bestu veiðistöðum í Norðurá. Laxinn stansar á brotinu til að hvíla sig eftir átökin við flúðirnar fyrir neðan. Í skaplegri vatnshæð er aðaltökustaðurinn neðst á speglinum þar sem grænar skellur eru í botni. Þarna eru ljósir líparítsflekki sem sjást vel ofan af bakkanum. Neðan við þessa flekki eykst straumurinn og áin myndar annað brot svolítið neðar. Í þessum streng, ofan við brotið, er mjög góður staður þegar vatnshæð er eðlileg. En þegar vöxtur er í ánni þá er laxinn mikið ofar, enda má þá veiða hylinn frá báðum bökkum. Þegar mikill vöxtur er í ánni, þá myndast gjarnan öfugsreymisstrengur ofan við eyrina að vestanverðu sem laxinum finnst gott að hvíla sig í.

Breiðan-veiðistaður 39. (Spegillinn)

Einhver fallegasti veiðistaður á Íslandi öllu að margra mati og um leið skemmti-legasti flugustaðurinn. Í venjulegu vatni liggur hann þarna neðarlega á breiðunni og jafnvel alveg niðri á brotinu að vestanverðu. Aðaltökustaðurinn er þó lítil en djúp gjá sem liggur undir austurlandinu. Laxinn liggur sjaldan fyrir ofan gárurnar sem eru neðarlega á Breiðunni, nema þá í miklu vatni en þá færir hann sig upp undir beygjuna.

Kálfhylsbrot-veiðistaður 34

Hér getur verið alveg dásamlegt að vera í fallegu veðri og mátulegu vatni. Þá heyrir ekkert nema gutlið í vatninu og fuglasöngur af og til og svo er auðvitað von á að sjáist skvettur eftir laxa sem stökkva á svæðinu. Kálfhylsbrot heldur laxi allt sumarið.

Neðristrengur-veiðistaður 23

Neðsti manngerði staðurinn á svæðinu og líklega sá gjöfulasti enda í raun fyrsta fyrirstaða í ánni frá ósi. Laxinn stoppar vel í strengnum niður af grjótgörðunum þar sem er mikið dýpi og leggst síðan oft á brotið ofan við garðana og þar er gaman að eiga við hann. Allir staðir á Munaðarnessvæðinu geta síðan haldið laxi í ágúst og fram í september þegar laxinn er byrjaður að helga sér svæði til hrygningar.



HAFID
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -



Flóðatangi

Veidisvæðið nær frá ármótum Norðurár-Hvítár til og með veiðistað nr. 21, Klapparhyl neðri. Leyfilegt agn er fluga, maður og spúnn, en annað agn er ekki leyfilegt að nota. Kvóti er á laxveiðinni til samræmis við önnur svæði Norðurár.. Öllum laxi 70 cm og stærri þ.e. 7 pund eða þyngri skal undan-tekningarlaust sleppt. Mikilvægt er að snerta fisk sem allra minnst sem skal sleppa og helst að reyna að losa úr fiskinum niðri í vatninu. Aðgengi að svæðinu er allgott. Beygt er út af Þjóðvegi 1 við vegasjoppuna Baulu og ekið inn á veg nr. 50 og stendur á skiltinu Reykholt. Verður þá, eftir 400 metra, á vegi okkar blátt skilti á hægri hönd sem á stendur Kastalahylur 14. Þar er farið í gegnum hlið og ekið niður vallengisbakka þar til komið er að skilti á árbakk-anum sem á stendur Kastalahylur. Förum nú til baka inn á Þjóðveg nr. 50 Reykholt og verður þar strax á leið okkar brú yfir Norðurá. Fyrir ofan gömlu stöplana í ánni er mikill og langur hylur, Haugahylur, sem veiðist eingöngu vestan megin árinna. Skammt þar ofan við, er veiðistaðurinn Lækjarós. Til að komast að þessum veiðistöðum er best að ganga túnið á Borgum. Hægt er að leggja bílum við þrílu á girðingunni, rétt ofan brúar. Við brúna er síðan Brúarhylur, stór og mikill, sem er veiðanlegur beggja vegna árinna. Hægt er að leggja bílum austan árinna, en þar er slóði niður að ánni. Er komið er yfir brúna er bærinn Hlöðutún á vinstri hönd. Rétt ofan við eldri bæjarhúsin er hólmi sem skiptir ánni og heitir kvíslin, sem rennur milli lands og hólma, Hlöðutúnskvísl - veiðistaður nr. 19. Á vegkantinum við afleggjarann heim að bænum er blátt skilti með nafni veiðistaðarins svo og annað skilti á árbakkanum. Þarna er góður veiðistaður. Aftur á Þjóðveginn. Nú er ekið áfram og komum við þá að afleggjara til hægri vegur nr. 526 Stafholt og tökum þann veg. Á leið okkar verða skilti í vegkantinum með nöfnum og númerum veiðistaða. Þar er upplagt að stoppa og röltu niður að ánni og reyna fyrir sér. Vegurinn endar á hlaðinu á bænum Flóðatanga og er þar farinn slóði til vinstri út frá hlaðinu og er sá slóði nokkuð greiðfær allt að kvísl sem skilur að Þræley og meginlandið. Varhugavert er að aka út í Þræley og er það alfarið á ábyrgð veiðimanna sjálfra. Þarna eru veiðimörk við Straumana og er brýnt að virða þessi mörk og fara alls ekki niður fyrir þau. Veiðimörkin eru greinilega merkt.

Við brýnum fyrir veiðimönnum að nota björgunarvesti við veiðarnar og ennfremur að aka ekki utan slóða og með þeim hætti að sýna gott fordæmi í umgengni við náttúruna. Veiðibækur munu liggja frammi í þjónustumiðstöðvum í Svignaskarði og Munaðarnesi og eru veiðimenn hvattir til að skrá allan afla.



Varahlutir í bílinn

Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu



Rafgeymar



Smursiur



Kerti, háspennukefli,
kveikjuþráðasett,
súrefnisskynjarar og
loftflæðiskynjarar



Tímareimar og
vatnsdælur



Kúplingar



Hemlahlutir



Demparar,
gormar og
stýrisendar



Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

 **SAGE**



HIN FULLKOMNA FLUGUSTÖNG

SAGE X – Þrengri línubugur




VEIÐIHORNIÐ

SÍÐUMÚLA 8 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 568 8410 | VEIÐIHORNID.IS